

Markmið

- Virðing skal einkenna öll samskipti innan sambandsins, hvort sem um er að ræða samskipti milli eða innan stjórnna, deilda, þjálfara, iðkenda, foreldra/forráðamanna iðkenda, styrktaraðila eða annarra samstarfsaðila.
- Hvetja til aukinnar þekkingar og menntunar þjálfara og annarra starfsmanna, með því að kynna námskeið hjá ÍSÍ og HNÍ.
- Stuðla að iðkun og eflingu hnefaleika með hnefaleikþjálfun, þáttöku á mótum, fræðslu og félagsstarfi.
- Stuðla að aukinni þáttöku ungmenna í félagsstarfi.
- Auka þekkingu á skaðsemi vímuefna og forvörnum innan félagsins.
 - Fá þjálfara til að fræða iðkendur um áhrif áfengis, tóbaks og annara vímuefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum.
- Áfengis- og tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf.
 - Áfengissala á íþróttakeppnum.
 - Áfengisneysla á viðburðum á vegum félagsins.
 - Tóbaksnotun, þar með talið rafsígarettum og munntóbak í húsnæði félagsins.
 - Áfengis- og tóbaksauglýsingar í eða við húsnæði félagsins.
- Einelti
 - Einelti er ekki liðið í starfi HFH.
 - Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.
 - Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt og/eða stafrænt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.
 - Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunafroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum.
 - Einelti hefur sér margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/eða stafrænt.

Ef grunur er um einelti vaknar skal það tilkynnt til þjálfara eða trúnaðarmanns HFH.

